



Íþróttastarf í austurborginni

Í myndbandinu sem þið sjáið í upphafi sjáið þið yfirferð yfir starfsemi Fjölnis og núverandi æfingar- og keppnisaðstöðu félagsins.

#HverfiðOkkar

Skilgreining á #HverfiðOkkar Grafarvogur er eins og fram í kynningunni. Fjölnir hefur alltaf litið á hana með þessum hætti, enda er það samkvæmt gildandi samningi við Reykjavíkurborg. og þar með okkar svæði. Við höfum því unnið að uppbyggingu á félaginu og framtíðarsýn byggð á þessari skiptingu. Við erum í dag að sinna íbúum Bryggjuhverfisins og hefur það starf gengið mjög vel. Fjölnir er því algjörlega tilbúið að þjónusta áfram þessa ágætu íbúa og þá sem flytja inn í nýtt hverfi, bæði með uppbyggingu æfingasvæða á svæðinu sjálfu og í þeirri aðstöðu sem við höfum nú þegar til umráða í dag.

Hjarta Grafarvogs

Í kynningunni kemur fram yfirlit yfir þjónustuframboð Fjölnis. Við erum með gríðarlega fjölbreytta starfsemi, þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Til viðbótar við öflugt barnastarf er starfrækt afrekssstarf, íþrótt- og félagsstarf fyrir eldri borgara og vinsæll hlaupahópur. Við erum að vinna í stofnun hjólahóps og Fjölnir er að skoða hvernig rafíþróttir gætu orðið hluti af okkar starfsemi. Það er stefna félagsins, að reyna að verða við óskum íbúa varðandi þjónustuframboð, en við förum fram á að rekstrarforsendur liggi fyrir og að áhugasamir aðilar verði tilbúnir til að starfa við uppbyggingu íþróttagreina. Komið hafa fram óskir um stofnun blakdeildar og um að endurvekja taekwondo hjá félaginu. Í dag er félagið ekki með aðstöðu til að bæta við fleiri greinum. Við erum í mjög góðu samstarfi við Borgarholtsskóla um íþróttastarf og er fjallað um það síðar í kynningunni.

Fjölnir er í samstarfi með Fylki í handbolta, þar sem við rekum allt afrekssstarf í handbolta frá 4. flokki karla og kvenna og upp úr, ásamt því að við rekum sameiginlegt lið í meistaraflokki kvenna. Fjölnir er með eigið karlalið í meistaraflokki handbolta. Við erum því að þjóna stórum hópi iðkenda í handbolta úr Árbænum.

Fyrir rúmum tveimur árum tókum við yfir starfsemi Skautafélagsins Bjarnarins og hefur uppbygging og aðlögun gengið vel hjá okkur og urðu þá til tvær nýjar deildir hjá okkur, listaskautadeild og hokkídeild.

Fjölnir er í góðu samstarfi við mörg fyrirtæki, sem styðja vel við bakið á félaginu. Á seinni árum hefur orðið erfiðara að fá fyrirtæki til samstarfs. Við höfum mætt því með því að halda nokkra stóra viðburði, sem hafa orðið helsta fjáröflunarleið félagsins á síðustu áru. Fjölnir hefur í nokkur ár staðið fyrir stærsta þorablóti í Reykjavík. Þetta er nú þegar orðinn mjög stór félagslegur viðburður í hverfinu og hefur verið uppselt á blótið undanfarin ár, þar sem um 1.700 manns hafa mætt í Fjölnishöllina. Við erum að byggja upp annan félagslegan viðburð, sem við köllum Októberfest og við vonumst til að geta verið áfram með þessa viðburði, eftir að líf færist aftur í eðlilegt horft eftir COVID 19. Þetta er liður í stefnu félagsins, að vera hjarta Grafarvogs, bæði fyrir börn og fullorðna.

Samgöngur - ferðast á æfingu

Fjölirnir starfrækti áður sérstaka frístundarvagna í samstarfi við Reykjavíkurborg. Við höfum hins vegar á undanförunum árum starfrækt frístundaakstur í góðu samstarfi við Strætó. Þetta samstarf hefur gengið mjög vel og við metum það þannig, að báðir aðilar vilji halda áfram að efla það samstarf. Fylgdarmenn merktir Fjölni ferðast með Strætó á þeim tímum sem iðkendur eru á leið úr skóla eða frístund og á æfingar hjá félaginu. Foreldrar geta því treyst því, að eftirlit er með ungmennum þegar þeir ferðast á milli staða. Með þessu er stefnt að því að ná sem bestri nýtingu íþróttamannvirkja og minnka til muna hið svokallaða "skutl" foreldra. Með nýtingu á Strætó erum við búa til framtíðarnotendur almenningssamgangna og minnka umferð með tilheyrandi mengun

Eins og sést á meðfylgjandi korti erum við nú þegar að sækja iðkendur úr 11 skólum og með tilkomu Borgarlínu þá tengist hin nýju hverfin beint í Egilshöll og Dalhús. Við erum vön að vinna í stóru hverfi og sinna fjölbreyttum hópi barna og lítum þannig á, að uppbygging á góðu samgöngukerfi innan hverfis geti aukið nýtingu mannvirkja og bætt þjónustuúrval til iðkenda.

#FélagiðOkkar

Fjölirnir er í dag í aðstöðu, sem getur að einhverju marki tekið við fleiri iðkendum með stækkun hópa í ákveðnum aldurshópum. Stefna félagsins er að hafa helstu keppnisaðstöðu í Egilshöll og er það hugsað til að ná fram meiri samlegðaráhrifum í starfinu. Þetta auðveldar einnig iðkendum að æfa mögulega fleiri íþróttagreinar, þar sem stutt er á milli æfingasvæða í Egilshöll. Einnig er gott úrval afþreyingar fyrir foreldra í húsinu og má þar t.d. nefna líkamsræktarstöð World Class. Það getur verið gott að hafa eitthvað við að vera á meðan beðið er eftir barninu á æfingu. Egilshöll er einnig í hæfilegri fjarlægð frá næstu íbúðarbyggð. Gott aðgengi er að Egilshöll, almenningssamgöngur eru góðar og gert er ráð fyrir að Borgarlína muni stöðva við svæðið. Auk þess er stutt í góðar samgönguæðar fyrir bifreiðar og mörg og góð bílastæði eru á svæðinu. Það eru möguleikar á frekari stækkun á aðstöðu á svæðinu og þið hafið þegar hjá ykkur tilboð frá Reginn/Fjölni um byggingu á keppnisvelli í knattspyrnu fyrir félagið á svæðinu.

Við teljum að hægt verði áfram að skapa öflugasta íþróttasvæði landsins við Egilshöll, með mikið úrvali og góðu aðgengi. Það hlýtur að vera fjárhagslega hagstæður kostur fyrir Reykjavíkurborg að byggja keppnisaðstöðu þar á einum stað, en einbeita sér að uppbyggingu æfingasvæða í þeim nýju íbúðarhverfum sem er verið að skipuleggja og byggja.

Fjölirnir er einnig með mikla starfsemi í Laugardalslaug og í frjálsíþróttahöllinni í Laugardal þar sem afrekshópar félagsins í sundi og frjálsum íþróttum stunda æfingar og keppni. Við erum einnig með miklar starfsemi í Kópavogi, þar sem Tennisdeild félagsins hefur aðstöðu. Félagið vildi gjarnan fá þá starfsemi nær okkar starfsvæði, enda er nú þegar mikil þörf á auknu húsnæði fyrir tennisstarfsemi á höfuðborgarsvæðinu.

Fjölirnir og Borgarholtsskóli

Við erum í mjög góðu samstarfi við Borgarholtsskóla þar sem nemendur á afreksíþróttasviði skólans koma og nýta æfingaraðstöðu Fjölnis í starfi innan skólans. Gott samstarf er við íþróttasviðið og margir af þjálfurum félagsins kenna nú og vinna með afreksíþróttasviði skólans. Við sjáum mikil tækifæri við að efla þetta samstarf frekar.

#HverfiðOkkar

Fjölur er lang umfangsmesta íþróttafélagið í frístundastarfi í Reykjavík, samanber opinberar tölur frá Reykjavíkurborg. Þetta sést best á því hvernig úthlutaðir frístundastyrkir eru á síðasta ári á milli félaga. Félagið býður upp á gríðarlega fjölbreytta þjónustu, sem ætti að henta sem flestum. Fjölur býr að góðri æfingaaðstöðu og rekstur félagsins er í góðu jafnvægi. Samgöngumál í hverfinu eru góð og gott aðgengi er að íþróttahúsum okkar. Í Grafarvogi ríkir hverfisvitund og samstaða íbúa er mikil. Fjölur er því vel í stakk búið til að þjóna nýjum hverfum og öllum íbúum þeirra og hefur góða burði til að efla starfsemina enn betur.

Ráðstöfun á frístundastyrk janúar - september 2020 skv opnu bókhaldi Reykjavíkurborgar

Nafn Birgja	Q	Rekstrargjöld
Samtals		614.041.400 Kr.
Ungmennafélagið Fjölur		72.851.863 Kr.
Glimufélagið Ármann		40.400.836 Kr.
Íþróttafélag Reykjavíkur		39.682.867 Kr.
Laugar ehf.		38.592.108 Kr.
Knattspyrnufélag Reykjavíkur		36.486.541 Kr.
Íþróttafélagið Fylkir		33.386.073 Kr.
Knattspyrnufélagið Valur		31.374.049 Kr.
Knattspyrnufélagið Fram		30.893.996 Kr.
Knattspyrnufélagið Víkingur		28.986.978 Kr.
Knattspyrnufélagið Þróttur		21.193.569 Kr.
Dansrækt-JSB ehf		16.718.606 Kr.
Dans Brynju Péturs ehf.		11.927.320 Kr.
Skautafélag Reykjavíkur		9.583.350 Kr.

Framtíðartækifæri

Frekari uppbygging er möguleg við Egilshöll – það er ljóst, að með mikilli fjölgun iðkenda, þá kemur að þeim tímapunkti, að stækka og styrkja þyrfti aðstöðu þar.

Samgöngur – hluti af skipulagi íþróttastarfs er skipulag samgangna. Við teljum að með eflingu almenningsgangna innan hverfisins megi bæta mjög nýtingu íþróttamannvirkja

Skólamál í nýju hverfi – við teljum að hagkvæmast að við byggingu íþróttamannvirkja við skóla verði fyrst og fremst horft til æfingaraðstöðu, sem nýta má til æfinga í hverfinu. Horft verði til þess að keppnisaðstaða verði samnýtt á stærra svæði - hagkvæmara að byggja æfingaraðstöðu en keppnisaðstöðu.

Við viljum efla samstarf á milli skóla í hverfinu og Fjölnis

Öflugra íþrótta og félagsstarf – Við sjáum mikil tækifæri í að gera gott starf enn betra.

Það er einlægur vilji Ungmennafélagsins Fjölnis að fá að vaxa og þróast með nýjum hverfishlutum hjá okkur og nýta okkar innviði eins vel og kostur er, til þess að geta boðið íþróttastarf frá 0 – 99 ára öllum til ánægju og hagsbóta.

Það er ekki þörf á nýju né öðru íþróttafélagi í austurborgina. Ef þið skoðið þróun í Garðabæ þar sem Stjarnan er, þá er ekki umræða um nýtt eða annað félag þar þó bæjarfélagið stækki (*Stjarnan og Fjölnir eru tvö stærstu félög landsins og þess vegna lítum við oft til þeirra í samanburði*), heldur að nýta aðstöðuna betur og styrkja innviðina og sama má sjá á Selfossi, þar þenst bæjarfélagið út en þar er unnið í að efla miðlægt æfinga- og keppnissvæði og efla innviðina ekki bæta við félagi. Fjölnir er að sinna því fólki sem komið er á þetta svæði í Bryggjuhverfinu og er ljóst að Höfðinn og Vogabyggð falla fullkomlega með því starfi.

- **Fjölbreytt íþrótta- og félagsstarf og góð þjónusta**
- **Fjárhagslega hagkvæmt fyrir Reykjavíkurborg**

Virðingarfyllt,

Jón Karl Ólafsson

Formaður

Guðmundur L Gunnarsson

Framkvæmdastjóri